

STARFSLEYFI

Dýrfiskur hf.

ÍSAT nr. 05.02.1.2 – Seiðaeldisstöðvar 150 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn

Bakka 1
816 Ölfus

kt. 700807 0450

Nafn og kt. rekstraraðila: Dýrfiskur hf., kt. 700807 0450
Heimilisfang: Hafnarbakka 8, 425 Flateyri

Útgáfudagur: 1. október 2014

Gildir til: 1. október 2026

Starfsleyfi þetta er gefið út skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, laga nr. 93/1995 um matvæli msbr., þegar um matvæli er að ræða og efnalaga nr. 61/2013 eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum skv. þeim sem um starfseminna kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:
Samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir fiskeldi á landi
dags. 1. október 2014

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Við flunning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi, nema að nýr rekstraraðili sækir um að leyfið ferist yfir á hans nafn. Ef fyrirtækið hættir rekstri skal það tilkynna með formlegum hætti til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og fellur starfsleyfið þá úr gildi.

Framsál þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið skal hanga uppi á áberandi stað.


Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld skv. gildandi gjaldskrá.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Austurvegi 65, 800 Selfossi kt. 480284 0549 Sími 480 8250

Selfossi, 1. október 2014


Elsa Ingjaldsdóttir
framkvæmdastjóri



Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum

Starfsleyfisskilyrði fyrir fiskeldi á landi

Dýrfiskur hf.

Kt. 700807 0450

ISAT 05.02.1.2 – Seiðaeldisstöðvar > 150 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn

Bakka 1, 816 Ölfus

Hrognageymsla, klak og frumeldi seiða

1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1. Starfsleyfið gildir fyrir fiskeldi og seiðaeldi annað en sjókvíaeldi, allt að 20 tonna ársframleiðsla.
- 1.2. Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða, gilda einnig viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.3. Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum. Breytingar á rekstri skal tilkynna til leyfisveitanda.
- 1.4. Rekstraraðili skal starfrækja innra eftirlit með mengandi þáttum starfseminnar og umhverfis- og rekstrarþáttum tengdum þeim. Skrá skal á skilvirkan hátt og geyma upplýsingar um:
 - a) Vatnsnotkun, framleiðslumagn og afföll.
 - b) Fóðurnotkun og fóðurgerð.
 - c) Losun eina út í umhverfið.
 - d) Viðhald og tæmingu hreinsivirkja sem eru til staðar.
 - e) Magn og gerð hreinsiefna, sóttahreinsiefna og lyfja sem notuð voru á árinu.
 - f) Meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. magn og gerð.
 - g) Afstöðumynd af stöðinni sem inniheldur m.a. frárennislagnir og hreinsivirki skal vera til staðar. Skrá skal allar breytingar sem gerðar eru á byggingum og frárennislögnum og varða mengunarvarnabúnað.
 - h) Gera skal viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa og neyðaráætlun ef til rekstrarstöðvunar kemur.
 - i) Skrá skal öll mengunaróhöpp og atvik er varða mengun og mengunarvarnir fyrirtækisins, s.s. bilanir á búnaði, leka eða slys.Innra eftirlit og skráningar skulu vera aðgengilegar heilbrigðisfulltrúum.

2. Mengunarvarnir og umhverfismál

- 2.1. Beita skal bestu fíanlegu tækni til að fyrirbyggja mengun umhverfisins.
- 2.2. Rekstraraðili skal tryggja umhverfisvernd, t.d. með því að fylgjast með ástandi eldisvatns og eldisbúnaðar. Reglulega skal yfir fara botnsfur og annan búnað sem hindrar að fiskar sleppi út í umhverfið.
- 2.3. Fyrirtækinu er skylt að sjá um, að á öllu athafnasvæði þess sé gætt fyllsta hreinlætis. Allar vélar og tæki, hráefni og annað það er starfseminni tilheyrir og er vistað í húsnæði eða á löð fyrirkæpisins skal þannig frá gengið að ekki valdi óþrifum eða óþægindum fyrir nágretta.



- 2.4. Beita skal bestu fánlegri tækni við meðhöndlun úrgangs og stefna að lágmörkun úrgangs hjá fyrirtækinu. Fyrirtækið skal flokka og endurnýta úrgangs eins og kostur er. Úrgangur sem ekki nýtist skal annaðhvort fluttur til endurnýtingar annarsstaðar eða til förgunar. Sorphirslur og ílát undir úrgang sem staðsett eru utanhúss, skulu vera lokað og í samræmi við lög og reglur. Spilliefnum og lyfjaleifum skal komið til viðkenndrar spilliefnamóttöku. Öll brennsla úrgangs er óheimil.
- 2.5. Rekstraraðila er skylt að fyrirbyggja aðgang fugls, meindýra og annarra villtra dýra að eldiskerjum, fódurgeymslum, fráveitukerfi og úrgangi á vegum fyrirtækisins, eftir því sem frekast er unnt.
- 2.6. Frárennsli frá fiskeldi skal forhreinna áður en það berst í viðtaka. Hafa skal samráð við viðeigandi heilbrigðiseftirlit. Frárennsli skal vera í samræmi við bestu fánlegu tækni fyrir fiskeldi og skal uppfylla ákvæði reglugerðar 798/1999 og gæða- og umhverfismarkmið í fylgiskjali 1. í reglugerðinni. Rekstraraðili skal gera, eða láta gera, mengunarmælingar til að fylgjast með hvort settum gæða- og umhverfismörkum sé náð, sbr. framangreint fylgiskjal reglugerðar 798/1999. Skrá skal allar slíkar mælingar í innra eftirlit fyrirtækisins.
- 2.7. Skólp frá salernum og hreinlætisaðstöðu skal leitt í fráveitu sveitarfélags eða í rotþró með siturlögn.
- 2.8. Verði rekstri hætt skal rekstraraðili, í samráði við heilbrigðisfulltrúa, ganga þannig frá athafnasvæði og búnaði að hvorki mengunar- né slysaþætta skapist.

3. Umhverfismarkmið

- 3.1. Frárennsli sem rennur beint í viðtaka skal að lágmarki miða við eins þreps hreinsun. Aðstaða til sýnatöku og mælinga í frárennsli skal vera fyrir hendi.
- 3.2. Ef vart verður að mengun sé yfir umhverfismörkum eða ef önnur óæskileg mengunaráhrif vegna starfseminnar koma í ljós skal rekstraraðili, í samráði við heilbrigðiseftirlit, gera ráðstafanir til úrbóta.

Selfossi 1. október 2014.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Stella Hrönn

Stella Hrönn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi